

Listi yfir gögn sem þú þarft að leggja fram hjá Útlendingastofnun vegna tilkynningar um barn fætt erlendis

Nafn: _____

Kennitala: _____

Svona gerir þú

- Prentar út þennan gátlista og viðeigandi umsóknareyðublað.
- Athugar hvort þú uppfyllir grunnskilyrði vegna umsóknar í gátlista og hakar í viðeigandi box fyrir skilyrðin sem þú uppfyllir.
- Safnar saman gögnum, hakar í viðeigandi box í gátlista fyrir fylgigögn umsóknarinnar og raðar gögnunum í sömu röð og á gátlista.
- Skoðar spurningarnar við fylgigögnin og veltir því fyrir þér hvort þú sért að gera einhver af algengustu mistökum vegna fylgigagna.
- Greiðir fyrir umsóknina.
- Leggur fram þennan gátlista, umsóknina og fylgigögnin hjá Útlendingastofnun eða sendir í bréfpósti á neðangreint heimilisfang.

Það er á þína ábyrgð að leggja fram öll gögnin sem eru á listanum. Ef öll eru ekki lögð fram hjá Útlendingastofnun með umsókninni getur það orðið til þess að afgreiðslan tefst eða umsókninni verður synjað.

Þú þarft að leggja fram **staðfest afrit af frumritum** allra vottorða sem eiga við um þína umsókn.

Þú þarft að láta fylgja með staðfest afrit eða frumrit **þýðingar löggilts skjalabýðanda** á erlendum vottorðum sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli. Það er á þína ábyrgð að fá þýðingu og borga fyrir hana.

Þú þarft að greiða **12.500 kr.** fyrir umsóknina, annað hvort í banka ef þú póstleggur umsóknina (tilvísun er fæðingardagur umsækjanda) eða hjá Útlendingastofnun ef þú leggur umsóknina inn hjá stofnuninni. Umsóknin verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en búið er að greiða fyrir hana.

Bankaupplýsingar Útlendingastofnunar:

Reikningsnúmer: 0515-26-410424.

Kennitala: 670269-6399.

Bankaupplýsingar - IBAN: IS05 0515 26 410424 6702 6963 99.

Nafn banka: Íslandsbanki hf.

SWIFT CODE: GLITISRE

Heimilisfang Útlendingastofnunar:

Útlendingastofnun

Dalvegi 18

201 Kópavogi

Skilyrði sem barnið og foreldrar þess þurfa að uppfylla
Þú þarft að haka við þau skilyrði sem þið uppfyllið

Barnið er fætt erlendis,

og

barnið er fætt 1. október 1998 eða síðar,

og

barnið á íslenskan föður og erlenda móður sem voru ógift við fæðingu þess,

og

faðir barnsins er með íslenskt ríkisfang,

og

foreldrar barnsins hafa ekki gengið í hjúskap eftir fæðingu þess.

Gögn sem allir umsækjendur þurfa að leggja fram ***Þú þarft að haka við þau gögn sem lögð eru fram með umsókninni***

1. Tilkynning um íslenskan ríkisborgararétt fyrir barn fætt erlendis

- Fylltir þú út alla reiti í umsókninni og svaraðir öllum spurningum?
- Gleymdir þú að skrifa undir umsóknina? Athugaðu að það er verið að biðja þig um undirskrift (e. signature).

2. Greiðslukvittun (ef greitt hefur verið fyrir umsóknina í banka)

- Mundu að setja í tilvísun greiðslukvittunar fæðingardag barnsins.

3a. Staðfest afrit af frumriti fæðingavottorðs barns

- Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).
- Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í heimaríki eða sýslumanni hérlendis.

3b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á fæðingavottorði barns (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

- Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalabýðanda.
- Löggiltur skjalabýðandi þarf ekki að staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

4. Afrit vegabréfs föður

- Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.

5a. Hjúskaparstöðuvottorð móður

- Gættu að því að frumrit vottorðsins þarf að vera staðfest ('apostille' vottun eða tvöföld staðfesting).
- Þú átt ekki að leggja fram frumritið, heldur leggur þú fram staðfest afrit af frumritinu eftir að það hefur verið vottað. Staðfest afrit er afrit sem hefur verið stimplað af opinberu yfirvaldi í heimaríki eða sýslumanni hérlendis.

5b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalabýðanda á hjúskaparstöðuvottorði móður (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

- Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalabýðanda.
- Löggiltur skjalabýðandi þarf ekki að staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

6a. Vottuð yfirlýsing móður (eða skriflegt samþykki hennar á umsókn)

- Gættu að því að yfirlýsingin sé vottuð af þar til bærum yfirvöldum í heimalandi.



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

6b. Staðfest afrit eða frumrit þýðingar löggilts skjalaþýðanda á vottaðri yfirlýsingu móður (ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli)

-Gættu að því að þýðingin verður að vera unnin af löggiltum skjalaþýðanda.

-Löggiltur skjalaþýðandi þarf ekki að staðsettur á Íslandi, löggilding erlendis frá er viðurkennd á Íslandi.

7. Afrit vegabréfs móður

-Rithandarsýnishorn vegabréfs þarf að fylgja með.